






Lauflettir vettlingar

Höfundur: Guðrún Björk Einarsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarANS Verkefni í textílmennt fyrir 6. bekk



Aðferð:

Prjón

Áhöld:

✓ 5 prjónar nr. 7

Efni:

✓ Garn fyrir prjóna nr. 7.
Hespulopi hentar vel

Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1** Fitjið upp 20 lykkjur á 4 prjóna og prjónið slétt prjón í hring 7 cm. Snúið verkefninu við þannig að rangan snúi út og prjónið áfram að þumli samtals 17 cm
- 2** **Merking fyrir þumli:** *Hægri vettlingur:* Prjónið 10 lykkjur og svo 4 með öðrum lit. Setjið lykkjurnar aftur yfir á prjóninn og prjónið þær aftur með garninu. Prjónið áfram fram að úrtöku 13 cm.
Vinstri vettlingur: Prjónið 6 lykkjur og svo 4 með mislitu bandi. Setjið lykkjurnar aftur yfir á prjóninn og prjónið þær aftur með garninu. Prjónið áfram að úrtöku.
- 3** **Úrtaka:** Takið úr tvær og tvær lykkjur þannig að eftir verði 10 lykkjur. Prjónið eina umferð og endurtakið úrtöku. Klippið á enda ca. 10 cm frá og dragið endann í gegnum allar lykkjurnar.
- 4** **Þumall:** Litaða bandið er dregið úr og ein aukalykkja er tekin upp í vikunum. Þá eru lykkjurnar alls 10. Prjónið þumal þar til hann er hæfilega langur. Takið úr tvær og tvær lykkjur og klippið á enda ca. 10 cm frá. Dragið endann í gegn um allar lykkjurnar.
- 5** **Frágangur:** Felið enda. Gott að sauma flísvettling inn í þessa vettlinga til að gera þá hlýrri. Auðvelt að stækka uppskrift eftir þörfum.

